

**71. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn fimmtudaginn
20. október 1999, kl. 10:00, í fundarsal SASS, Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

1. Málefni Kjötmjöls ehf.

a. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf., frá 14. október sl.

Til kynningar.

b. Fyrirkomulag reksturs kjötmjölsverksmiðjunnar.

Stjórnin er jákvæð gagnvart því að Sorpstöðin taki að sér rekstur verksmiðjunnar. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna og leggja fram tillögu að útfærslu.

2. Starfsmannastefna.

Stjórnin samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar málinu til stjórnar SASS til endanlegrar afgreiðslu.

3. Starfslýsingar.

Lagðar fram starfslýsingar umhverfisfulltrúa, svæðisstjóra og vélamanns í Kirkjuferjuháleigu.

Starfslýsingar samþykktar sem og nýtt starfsheiti verkstjóra sem breytist í svæðisstjóra urðunarsvæðis.

4. Samingur um urðunarrein.

Lögð fram drög að samningi við Vélgröfunar ehf.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samning.

5. Samingur við Landbúnaðarráðuneytið um leigu á landi í Kirkjuferjuháleigu, dags. 30.09.99.

Lagður fram til kynningar.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita eftir kaupum á landinu.

6. Tilskipun Evrópusambandsins um urðun úrgangs ásamt bréfi frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 13. ágúst 1999.

Ákveðið að gera athugasemdir og senda Hollustuvernd.

7. Önnur mál.

- a. Lagðar fram tölur um innvegið magn fyrstu 8 mán. ársins.**
Samtals hafa borist um 14.800 tonn.
- b. Stefnt er að því að taka til umræðu á næsta fundi markmiðssetningu Sorpstöðvarinnar og framtíðarsýn.**

Fundi slitið kl. 11:35

Karl Björnsson.
Ágúst Ingi Ólafsson.
Sesselja Jónsdóttir.
Þorvarður Hjaltason.